

Innra eftirlit

Sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki setja sér markmið en í umhverfi þeirra eru áhættuþættir sem geta ógnað því að þau náist. Innra eftirlit er ferli sem stuðlar að því að ná settum markmiðum. Markviss uppbygging innra eftirlits er þannig grundvöllur að öruggari og traustari starfsemi. Tilgangur innra eftirlits er að lágmarka áhættu sem ógnað getur árangri.



Innra eftirlit
Ferli sem miðar að því að ná settum markmiðum.

Innra eftirlit byggist að verulegu leyti á aðgerðum

starfsmanna og er eðlilegur hluti af daglegum störfum þeirra. Ferlið er þannig innbyggt í daglega starfsemi stofnana borgarinnar og er hluti af verkferlum fremur en að að vera bundið við verklagsreglur eða handbækur. Mikilvægt er að starfsmenn allir séu meðvitaðir um hlutverk sitt og einnig um hvernig virkt innra eftirlit er til þess fallið að stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum. Innra eftirlit er hluti af stjórnunarferlinu og er skoðað út frá því hvað stjórnendur aðhafast. Ekki teljast þó allar aðgerðir stjórnenda til innra eftirlits. Þannig er markmiðssetning til að mynda mikilvæg stjórnunarábyrgð en telst ekki til innra eftirlits heldur er hún forsenda innra eftirlits. Leitast er við að skýra þetta í töflunni hér fyrir neðan.

Mistök, kæruleysi eða tækifæri starfsmanna og stjórnenda til að víkja frá reglum geta takmarkað gæði innra eftirlits. Þess vegna veitir innra eftirlit stjórnendum einungis *hæfilega vissu* hversu vel sem það er byggt upp. Þá geta óviðráðanlegir þættir í ytra umhverfi haft áhrif á að markmið náist.

Mikilvægt er að tekið sé mið af kostnaði og ávinningi við ákvörðun um umfang innra eftirlits.

Ákvæði um innra eftirlit má finna í íslenskum lögum (lögum um bókhald og hlutafélög) en ekki er til opinber skilgreining á því. Í störfum Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar er notast við alþjóðlega viðurkennda skilgreiningu *COSO-nefndarinnar* á innra eftirliti, sbr. hér til hliðar.

Innra eftirlit og stjórnunarferlið¹

Stjórnunaraðgerðir	Innra eftirlit
Heildarmarkmið og framtíðarsýn	
Stefnumörkun	
Uppbygging eftirlitsumhverfis	✓
Markmiðssetning rekstrareininga	
Áhættumat	✓
Áhættustjórnun	
Eftirlitsaðgerðir	✓
Greining upplýsinga og miðlun	✓
Samtímaeftirlit	✓
Umbótaverkefni (<i>corrective actions</i>)	

Byggt er á gögnum sem Innri endurskoðun hefur unnið með; m.a. á alþjóðlega viðurkenndri skilgreiningu *COSO-nefndarinnar* á innra eftirliti en einnig er litið til leiðbeininga INTOSAI (2004) þar sem leitast er við að laga skilgreiningu COSO að opinbera geiranum.

Eftirlitsaðgerðir

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir því að koma á eftirlitsaðgerðum til að draga úr áhættu í starfsemi og ferlum þannig að hún verði ásættanleg. Eftirlitsaðgerðum má í grófum dráttum skipta í fyrirbyggjandi eftirlit og uppgötvandi eftirlit.

- *Með fyrirbyggjandi eftirliti* er reynt að hindra eða koma í veg fyrir mistök (proactive). Dæmi: Aðgreining starfa, heimildir, samþykki, staðfesting, viðeigandi skjölun og varðveisla eigna.
- *Uppgötvandi eftirliti* er ætlað að uppgötva óæskilegan verknað (detective) og að finna og benda á að mistök eða tap hafi átt sér stað. Dæmi: Frávikagreiningar, afstemmingar, birgðatalning og ytri endurskoðun.

Stjórnendur bera ábyrgð á innra eftirliti innan sinna starfseininga og stjórn ber endanlega ábyrgð á innra eftirliti með starfseminni í heild.

Skjalfesting innra eftirlits

Skilgreining eftirlitsaðgerða og skjalfesting á formlegum (skriflegum) eða óformlegum (munnlegum) eftirlitsaðgerðum er mikilvægur hluti innleiðingar innra eftirlits. Eðlilegt er að gerð sé krafa um að til séu skriflegar lýsingar á helstu innri eftirlitsaðgerðum sem beitt er innan hvers stofnunar eða fyrirtækis og hver sé tilgangur þeirra. Margs konar aðferðir má nota til að bera kennsl á og skjalfesta innra eftirlit, þ.á.m. notkun flæðiritra, textalýsingar, áhættumatstöflur og rýningu handbóka, verklagsreglna og annarra hlutaðeigandi skriflegra fyrirsmála.

Vefslóðir um innra eftirlit

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar 2010.

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/innri_endurskodun/skjol/IE10020005 - Eftirlitsumhverfi .pdf

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar: Ársskýrsla Innri endurskoðunar 2008 .

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/innri_endurskodun/skjol/25.05.09_lokaskyrsla.pdf

Markmið innra eftirlits

- ☞ Að ná fram árangri og hagkvæmni í starfseminni
- ☞ Áreiðanleiki fjárhagslegra upplýsinga
- ☞ Starfsemin sé í samræmi við lög og reglur
- ☞ Ábyrg eignavarsla